



Fuglamerkingar 2020

Árið 2020 var eitthundraðasta ár fuglamerkinga á Íslandi og það 89. í umsjón Íslendinga. Afmælisárið markaðist af heimsfaraldri COVID-19 veirunnar, en óvenju lítið var merkt af fuglum og engin voru hátíðarhöldin í tilefni stórafmælisins. Fjörutíu og sjö merkingamenn skiluðu skýrslum um merkingu á alls 11.109 fuglum af 79 tegundum (8218 fullvaxnir og 2891 ungar). Heildartalan er 63% af meðaltali 5 undangenginna ára og sú lægsta síðan 2012. Mest var merkt af skógarþröstum, 2798 fuglar, en næstmest af auðnutittlingum, 1821 fuglar. Búið er að afgreiða 1753 endurheimtur íslenskra merkja sem tilkynnt var um á árinu (þar af 311 innanlands, ekki á merkingastað, og 113 erlendis), auk 87 endurheimta erlendra merkja.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Trausti Baldursson.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,28 og 0,36 ársverk).

Fuglamerkingar

Alls voru 11.109 fuglar af 79 tegundum nýmerktir árið 2020 (samtala 1921-2020 767.576 nýmerkingar; 1. tafla). Voru 8218 þeirra fullvaxnir og 2891 ófleygir ungar. Þar á meðal voru fjórar nýjar tegundir merktar: bláskotta, dulþröstur, elrigreipur og trjátittlingur. Alls hafa 165 tegundir verið merktar frá upphafi.

Virkir merkingamenn (þ.e. þeir sem merktu einhvern fugl á árinu) voru 47 talsins (2. tafla) sem er sex færri en á síðasta ári. Metfjöldi nýliða, fimm talsins, gengu til liðs við okkur á árinu: Guðmundur Fylkisson (434), Aldís Erna Pálsdóttir (435), Óðinn Logi Þórisson (436), Ísak Ólafsson (437) og Halla Ingólfsdóttir (438). Við bjóðum þau velkomin og óskum þeim velfarnaðar við störf í þágu fuglamerkinga.

- Þrír afkastamestu aðilar við fuglamerkingar árið 2020 voru Sverrir Thorstensen með 2269 nýmerкта fugla, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands með 2164 fugla og Björn Hjaltason með 885 fugla (2. tafla).
- Þær tegundir sem mest var merkt af árið 2020: 2798 skógarþrestir, 1821 auðnutittlingur, 1007 snjótittlingar, 772 kríur, 678 æðarfuglar (þ.a. 233 eldisungar), 376 helsingjar og 321 stari (1. tafla).
- Þær tólf tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: 85.585 snjótittlingar, 81.683 lundar, 75.962 skógarþrestir, 59.964 kríur, 45.899 auðnutittlingar, 37.677 ritur, 33.357 fýlar, 21.664 skúmar, 21.576 æðarfuglar (ásamt eldisungum), 20.325 teistur, 18.199 þúfutittlingar og 18.102 langvíur (1. tafla).
- Fjórar nýjar tegundir flækingsfugla voru merktar á árinu. Þrír fuglanna náðust í Einarslundi við Höfn í Hornafirði, A-Skaft.: trjátittlingur *Anthus trivialis* þann 18. apríl, bláskotta *Tarsiger cyanurus* þann 25. október og dulþröstur *Catharus guttatus* þann 5. nóvember. Fjórða nýja tegundin var elrigreipur *Empidonax alnorum* sem náðst í skógarlundi á Hvalsnesi, Miðnesi, Gullbringusýslu þann 22. september.

Endurheimtur

Árið 2020 bárust 1840 endurheimtur og álestrar á merki á lifandi fuglum árið 2020 sem allar hafa verið afgreiddar. Alls bárust 1753 tilkynningar um endurfundi íslenskra merkja á árinu og voru

1329 endurveiddir á merkingastað, 311 í a.m.k. 1 km fjarlægð frá merkingastað innanlands, 113 merki fundust erlendis og 87 erlend merki fundust hérlendis (samtala 1921-2020, 71.722 skráðir endurfundir merkja).

Til ársloka 2020 höfðu alls 58.900 íslensk merki endurheimst innanlands og hafa 38.507 þeirra fundist eða náðst aftur á merkingastað en 20.392 í 1 km fjarlægð eða meira frá merkingastað. Alls hafa 8.114 íslensk merki enduheimst erlendis og auk þess 4.705 erlend merki endurheimst á Íslandi (Viðauki 1).

Auk hefðbundinna endurheimta málmmerkja á fuglum sem finnast dauðir, særðir, veikir eða endurveiðast og er sleppt aftur berast okkur árlega álestrar af litmerktum fuglum í hundraða tali frá almenningi og vísindamönnum. Fæstir hafa álestrarnir ratað inn í gagnagrunninn okkar enn sem komið er. Við erum í góðum samskiptum við umsjónarmenn litmerkinga sem eru að vinna með þau gögn sem merkingarnar skapa og uppfæra jafnóðum sérstakar skrár um litmerkingar einstakra tegunda. Margir þeirra senda okkur árlega afrit af gagnagrunnum sínum til varðveislu. Ár frá ári fjölgar líka tegundum og einstaklingum sem merktir eru með staðsetningabúnaði sem sendir ýmist ferðasögu sína um gervihnött eða farsímakerfi eða hlaða niður gögnum í gagnarita sem þarf að endurheimta til að lesa af.

Flestar endurheimtur á fuglum merktum á Íslandi sem tilkynnt var um á árinu voru 500 auðnutittlingar, 177 skógarprestir, 164 skrofur, 101 snjótittlingar, 106 æðarfuglar og 77 lundar. Af þeim 87 fuglum af 18 tegundum með erlend merki sem endurheimtust hérlendis var mest af helsingja en 26 fundust á árinu, 13 álfir og 8 heiðagæsir. Uppruni erlendu merkjanna var eftirfarandi: 78 frá Bretlandseyjum, 2 frá Hollandi, 2 frá Belgíu og 1 frá hverju eftirtalinnu landa, Noregi, Danmörku, Frakklandi og Portúgal.

Ferðalangar:

Óvenjufáar langferðir voru meðal endurheimta ársins. Af 78 tilkynntum álestrum á 37 litmerkta íslenska sílamáfa spurðist til eins í Morocco (3555 km) en flestir aðrir eyddu vetrinum á hefðbundnum slóðum á Íberíuskaga allt að 3280 km fjarlægð í Malaga á Spáni. Rauðbrystingur (3225 km) og tildra (2682 km) endurheimtust í Portúgal, stuttnefja í Kanada (2694 km), skógarþröstur á Spáni (2632 km) og lóupræll í Frakklandi (2416 km).

Ný íslensk aldursmet:

Skrofa (481010) sem Jóhann Óli Hilmarsson merkti í Ystakletti í Vestmannaeyjum sem fullorðna með hreiður, þá líklega a.m.k. sex ára, eldist enn. Ingvar A. Sigurðsson fann hana í Ysta-Kletti 29 árum síðar þann 16. júní 2020 þá ekki minna en 35 ára gömul.

Tilkynnt var um stormsvölu (9A9465) sem Jóhann Óli Hilmarsson merkti í Elliðaey, Vestmannaeyjum, þann 19. júní 1991, þá a.m.k. ársögumul. Erpur Snær Hansen fangaði hana að nýju í net á sama stað 28 árum síðar 24. júní 2019. Fuglinn var þá a.m.k. 29 ára. Hún veltir úr sessi stormsvölu 9A1648 sem Erpur merkti 20.8.1988 og Ingvar endurveiddi á sama stað 7.8.2016. Sá fugl var líka a.m.k. 29 ára, en dagsetningar gáfu að hann væri 18 dögum yngri.

Ritan (555262) sem Ævar Petersen merkti sem unga í hreiðri 18. júlí 1995 í Klofningi við Flatey fannst rekin nýdauð 21. júlí 2020 í Teinæringsvogi á Flatey. Hún var rétt 25 ára og aðeins 58 dögum eldri en sú sem hún velti úr 1. sætinu (523632).

Merkingaleiðangrar

Arnór Þ. Sigfússon frá Verkís, í samstarfi við Carl Mitchell frá WWT, fór fyrir merkingaleiðangri í Öraefasveit 4. árið í röð og einnig í Vestur-Skaftafellssýslu ásamt fjölmenni frá Nátturustofu Austurlands, Nátturustofu Suðausturlands og Vatnajökulsþjóðgarði og litmerktu helsingja í sárum með stálpaða unga. Metfjöldi helsingja var merktur í þessum leiðangri, alls 245 fullorðnir og 135 ungar. Fengu 246 þeirra litmerki og fjórir fengu auk þess staðsetningabúnað (Ornitelia

GPS/GSM). Síðan þetta átak hófst 2017 hafa alls 908 helsingjar náðst og 682 þeirra fengið áletrað litmerki á annan fótinn.

Porkell Lindberg Þórarinnsson og samstarfsmenn á Náttúrustofu Norðausturlands fóru víða og endurheimtu 139 fýla, svartfugla og ritur með dægurríta í fuglabjörgum. Einnig nýmerktu þeir 9 fýla, 4 ritur, 25 langvíur og 17 stuttnefjur.

Erpur Snær Hanssen forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum var leiðangursstjóri í Elliðaey til storm- og sjósvölumerkinga. Tvær sjósvölur af 20 sem merktar voru með dægurrítum sumarið 2019 endurheimtust. Skemmtileg umfjöllun var í Landanum 8. nóvember 2020 um leiðangurinn (<https://www.ruv.is/frett/2020/11/08/rannsaka-saesvolur-a-sumarnottum-i-elliðaei>). Þar bregður fyrir, í fyrsta sinn, korti yfir farleið íslenskra sjósvalna byggða á staðsetningum tveggja einstaklinga með dægurríta sem flugu fram og til baka milli varp og vetrarstöðva. Staðsetningar hvers mánaðar eru sýndar með mismunandi litum svo rekja megi för þeirra suður á bóginn að vetrarstöðvum suðurvestur af Góðravnarhöfða, Suður-Afríku, og aftur til baka.

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Beiðnir um tölfræði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu stormsvölur, flógoða, stuttnefjur og langvíur og allar merkingar í Skróði. Í öllum tilfellum var hægt að láta umbeðnar upplýsingar af hendi.

Nokkrar greinar sem byggja á fuglamerkingum birtust á árinu.

Allar greinarnar fjölluðu um árlegar lífslíkur fugla á mismunandi aldurskeiðum. Kríumerkingar í Flatey á Breiðafirði í rúm 40 ár leiddur í ljós að lífslíkur kríuunga frá klaki fram á næsta sumar voru 12% (0,119 +/- 0,024 SE), en ársgamalla og eldri 95% (0,952 +/- 0,030; Petersen, A. og félagar 2020).

Ib K. Petersen og félagar (2020) notuðu 154 endurheimtur 88 fullorðinna hrafnсандakollna á hreiðrum í Aðaldal á árunum 2009 til 2018 til að mæla lífslíkur þeirra. Árlegar lífslíkur fullorðinna hrafnсандarkollna var 0,848 (95% CL 0,775-0,901). Þetta nýja mat er talsvert hærra en árlegar lífslíkur hrafnсандarkollna við Mývatn og nágrenni á árunum 1925-1958 (0,783, 95% CL 0,715-0,839; Fox o.fl. 1995).

Wood og félagar 2020 rannsökuðu langtímabreytingar á lífslíkum fullorðinna æðarkollna í þremur vörpum (Flatey, Rifi og Akureyri). Meðal lífslíkur á ári í vörpunum þremur voru 0,916 +/- 0,017se (95% öryggismörk (CI) = 0,819-0,961), og meðal lifun 11,8 ár (95% CI 5,4-25,2).

Heimildir

Fox, A.D., A. Petersen & M. Frederiksen 2003. Annual survival and site-fidelity of breeding female Common Scoter *Melanitta nigra* at Myvatn, Iceland, 1925-58. – Ibis 145: E94-E96.

Petersen, A., G.J. Robertson, S. Thorstensen & M.L. Mallory 2020. Annual survival of Arctic terns in western Iceland. – Polar Biology 43: 1843-1849. DOI: 10.1007/s00300-020-02749-5

Petersen, I.K., M. Frederiksen, A. Petersen, H.J. Robson, A. Einarsson, R.D. Nielsen, A.L. Harrison, A. Cervencel & A.J. Fox. 2020. Recent increase in annual survival of nesting female Common Scoter *Melanitta nigra* in Iceland. – J. Ornithol. 162: 135-141. (Early Access Sept. 2020). DOI: 10.1007/s10336-020-01818-0

Wood, K.A., S. Thorstensen, S.J. Ludviksson, K. Brides & A. Petersen 2020. Long-term trends in the survival rates of adult female Common Eider *Somateria mollissima* at three colonies in Iceland. – Ibis 163: 671-683 (Early Access Okt. 2020). DOI: 10.1111/ibi.12893

Urriðaholti í Garðabæ 14. desember 2021.

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

1. tafla. Merktir fuglar 2020 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2020. Sjaldgæfum tegundum er öllum steipt saman í eina heildartölu, en sjaldgæfar tegundir 2020 eru tíundaðar neðanmáls.

EUR	Tegund	Species	2020			Samtals 1921-2020		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>	4	0	4	325	264	589
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>	1	0	1	14	0	14
110	Flórgoði	<i>Podiceps auritus</i>				167	380	547
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	113	115	228	27548	5809	33357
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	14	12	26	316	363	679
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	137	0	137	6118	14	6132
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	284	0	284	8920	157	9077
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>				1431	6316	7747
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>				4	3425	3429
800	Toppskarfur	<i>Gulosus aristotelis</i>	22	34	56	2289	5166	7455
1540	Álftr	<i>Cygnus cygnus</i>	44	16	60	4403	3653	8056
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>				5632	8215	13847
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>				465	0	465
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>	22	32	54	1092	2215	3307
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>	245	131	376	579	382	961
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>				1858	0	1858
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Mareca penelope</i>	1	1	2	345	1937	2282
1820	Gargönd	<i>Mareca strepera</i>				64	173	237
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>	1	0	1	220	961	1181
1860	Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	4	7	11	419	2187	2606
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>				71	246	317
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	1	0	1	347	994	1341
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>	1	0	1	563	1452	2015
2060	Æður ¹⁾	<i>Somateria mollissima</i>	314	364	678	11747	9829	21576
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	3	0	3	588	862	1450
2130	Hrafnsönd	<i>Melanitta nigra</i>	5	0	5	634	437	1071
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				612	364	976
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	3	0	3	275	123	398
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>	0	49	49	12	834	846
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	4	25	29	332	1048	1380
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	4	25	29	116	1846	1962
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	9	0	9	5090	4187	9277
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	91	210	301	1986	9726	11712
4700	Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	19	62	81	1951	8030	9981
4850	Heiðlóa	<i>Phuvialis apricaria</i>	7	49	56	1424	8458	9882
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>				7117	0	7117
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>				3075	0	3075
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	2	9	11	3122	1227	4349
5120	Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	8	22	30	4306	2167	6473
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	53	98	151	1307	6462	7769
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	12	42	54	1007	2138	3145
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	15	37	52	523	6658	7181
5460	Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	16	84	100	1204	7210	8414
5610	Tildra	<i>Arenaria interpres</i>				4144	0	4144
5640	Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	8	12	20	1391	3067	4458
5650	Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>	0	1	1	50	64	114
5670	Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>	0	9	9	114	766	880

1. tafla (frh.)

EUR	Tegund	Species	2020			Samtals 1921-2020		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
5690	Skúmur	<i>Catharacta skua</i>	0	159	159	168	21496	21664
5820	Hettumáfur	<i>Chroicocephalus ridibundus</i>	2	57	59	379	13310	13689
5900	Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	2	0	2	46	2595	2641
5910	Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	1	167	168	2977	3653	6630
5920	Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>				1041	2668	3709
5980	Bjartmáfur	<i>Larus glaucooides</i>				81	0	81
5990	Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	0	10	10	579	2597	3176
6000	Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	3	12	15	438	3340	3778
6020	Ríta	<i>Rissa tridactyla</i>	5	49	54	3523	34154	37677
6160	Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	141	631	772	5456	54508	59964
6340	Langvía	<i>Uria aalge</i>	45	2	47	12154	5948	18102
6350	Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	17	0	17	1808	94	1902
6360	Álka	<i>Alca torda</i>				2893	2879	5772
6380	Teista	<i>Cephus grylle</i>	0	3	3	2390	17935	20325
6540	Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	169	70	239	34737	46946	81683
7680	Brandugla	<i>Asio flammeus</i>	4	3	7	51	110	161
10110	Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	293	9	302	9872	8327	18199
10200	Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>	153	55	208	2495	6696	9191
10660	Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	17	0	17	1030	168	1198
11460	Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	9	0	9	1503	3367	4870
11870	Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	76	16	92	1249	223	1472
12010	Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	2662	136	2798	52333	23629	75962
13140	Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	9	0	9	345	6	351
15720	Hrafn	<i>Corvus corax</i>				156	1591	1747
15820	Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	275	46	321	3836	1311	5147
16630	Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	1821	0	1821	43523	2376	45899
18500	Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	1003	4	1007	83338	2247	85585
	58 algengar tegundir 2020, 76 frá upphafi		8173	2874	11047	383857	382147	766004
	21 sjaldgæfar tegundir 2020, 89 frá upphafi ²⁾		44	16	60	1434	138	1572
	Alls 79 tegundir 2020, 165 tegund frá upphafi		8218	2891	11109	385291	382285	767576

1) Þ.m.t. æður eldisungar alls 4857 og þar af 233 eldisungar 2020.

2) Alls 89 sjaldgæfar tegundir. Eftirtaldar 21 tegund voru merktar á árinu (allt fullvaxnir fuglar nema annað sé tekið fram): haftyrdill 2, bjargdúfa 1, eyrugla 16u, elrigreipur 1, landsvala 1, trjátittlingur 1, silkitoppa 5, glóbrystingur 1, bláskotta 1, dulþröstur 1, gráþröstur 10, mistilþröstur 1, garðsöngvari 1, hettusöngvari 6, gransöngvari 2, laufsöngvari 2, flekkugrípur 1, græningi 1, fjallafinka 1, barrfinka 2, krossnefur 3.

2. tafla. Fjöldi merktra fugla 2020 skipt eftir merkingamönnum.

Nr.	Nafn	Fullv.	Ungi	Alls
353	Aðalsteinn Snæþórsson	110	0	110
273	Arnór Þórir Sigfússon	263	163	426
417	Árni Ásgeirsson	6	135	141
261	Björn Hjaltason	885	0	885
415	Borgný Katrínardóttir	0	2	2
380	Böðvar Þórisson	216	21	237
423	Cristian Gallo	0	27	27
401	Ellen Magnúsdóttir	0	176	176
262	Erpur Snær Hansen	542	39	581
424	Eyjólfur Tryggvason	22	142	164
222	Finnur Logi Jóhannsson	35	57	92
388	Freydís Vigfúsdóttir	81	4	85
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	1545	619	2164
347	Grétar Jónsson	0	47	47
289	Guðmundur A. Guðmundsson	76	46	122
433	Guðmundur Falk	34	0	34
434	Guðmundur Fylkisson	6	0	6
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	65	23	88
316	Gunnar Tómasson	394	0	394
438	Halla Ingólfsdóttir	10	0	10
291	Halldór Walter Stefánsson	1	0	1
332	Hallgrímur Gunnarsson	0	15	15
247	Ib K. Petersen	13	0	13
405	Ingvar A. Sigurðsson	337	9	346
223	Jóhann Óli Hilmarsson	11	6	17
403	Jón Einar Jónsson	82	43	125
309	Jón Magnússon	414	42	456
240	Kristinn H. Skarphéðinsson	0	28	28
270	Kristlaug Pálsdóttir	2	45	47
420	Margrét Rögnvaldsdóttir	25	0	25
370	Náttúrustofa Norðausturlands	56	2	58
296	Ólafur Einarsson	5	0	5
216	Ólafur K. Nielsen	8	25	33
322	Ólafur Torfason	0	14	14
284	Páll Leifsson	172	155	327
406	Róbert A. Stefánsson	0	6	6
250	Sigurður Ægisson	42	0	42
344	Smári Lúðvíksson	20	0	20
248	Sverrir Thorstensen	1949	320	2269
413	Sölvi Rúnar Vignisson	90	124	214
365	Tómas Grétar Gunnarsson	5	28	33
357	Yann Kolbeinsson	105	0	105
381	Þorlákur S. Helgason	187	85	272
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	303	169	472
228	Þorvaldur Björnsson	1	5	6
364	Þórir Snorrason	1	37	38
191	Ævar Petersen	99	232	331
	Samtals	8218	2891	11109

3. tafla Endurheimtur íslenskra merkja erlendis og erlendra merkja héraðs skipt eftir endurheimtu- og upprunalöndum og dæmi tekin um tegundir.

Íslenskar EH og erlendar á Ísl	TIL	FRÁ	Dæmi um endurheimtur íslenskra merkja erlendis	Dæmi um tegundir með erlend merki á Íslandi
Brazil	5		skrofa, skúmur, kría	
Guyana	2		skúmur	
Venezuela	1		skúmur	
Puerto Rico	1		sílamáfur	
West Indies	1		rauðhöfðaönd	
USA	15	5	rauðhöfði, stormmáfur, kría, stuttnefja, teista	kanadagæs, sjósvala, snjótittlingur, stökkönd
Canada	118	69	margæs, rauðhöfði, rita, lundi, fýll, hettumáfur	fýll, súla, margæs, rákönd, sandlóa, tildra, steindepill
Grænland	282	227	heiðagæs, margæs, skúmur, rita	lómur, blesgæs, helsingi, æðarfugl, hávella
Atlantshaf	6		fýll, álf, smyrill, rita, álka, skógarþróstur	
Færeyjar	321	24	fýll, álf, sílamáfur, svartbakur, álka, lundi	fýll, kjói, kría, langvía, lundi, sílamáfur, skógarþróstur, skúmur, stormsvala
UK	6	3	fýll, súla, heiðagæs, grafönd, smyrill	heiðagæs, helsingi
UK_Scotland	2717	2031	súla, álf, heiðagæs, grágæs, tjaldur, snjótittlingur	álf, grágæs, heiðagæs, helsingi, stelkur, tjaldur
UK_England	1896	1217	álf, heiðagæs, grágæs, rauðhöfði, urtönd, tjaldur	álf, heiðagæs, jaðrakan, rauðbrystingur, sílamáfur, stelkur, tjaldur
UK_Channel Islands	24	2	margæs, tjaldur, sanderla, sílamáfur	súla, skógarþróstur
UK_Isle of Man	9	2	súla, álf, margæs, hrossagaukur, álka	lópæll, stormsvala
UK_Wales	83	146	heiðagæs, tjaldur, rauðbrystingur, stelkur	stelkur, tjaldur, rauðbrystingur
Ireland_N	213	23	álf, heiðagæs, margæs, rauðhöfði, urtönd, duggönd	álf, grafönd, jaðrakan, sanderla, stelkur, tjaldur, urtönd
Ireland_Rep	570	555	álf, grágæs, margæs, tjaldur, hrossagaukur	blesgæs, grágæs, helsingi, tjaldur
Ireland_at sea	2		fýll, súla	
Norðursjór	4		rauðbrystingur, skúmur, þúfuttittlingur	
Noregur	88	119	súla, álf, heiðagæs, skúmur, hettumáfur	gráhegri, lundi, rauðbrystingur, stormsvala, svartþróstur
Noregur_á sjó	7	5	fýll, smyrill, sandlóa	fýll, álka
Noregur_Bjarnarey	5	20	skúmur	haftyrðill, hvítmáfur, stuttnefja
Noregur_Svalbarði	4	35	fýll, álf, skúmur	haftyrðill, helsingi, hvítmáfur, stuttnefja, æðarkóngur, æður
Svíþjóð	11	18	urtönd, grafönd, duggönd, skúmur	eyrugla, stelkur, turnfálki
Finnland	5	5	rauðhöfði, urtönd, grafönd, skúfönd	eyrugla, kría, laufsöngvari, silkitoppa
Rússland	39	4	rauðhöfði, urtönd, grafönd, duggönd, hávella	dvergsvanur, rita
Eistland	1		rauðhöfðaönd	
Lettland	1		rauðhöfðaönd	
Pólland		2		urtönd, rauðbrystingur
Tékkó	1		urtönd	
Ungverjaland	1		skúmur	
Albanía	1		grafönd	

3. tafla frh.

Íslenskar EH og erlendar á Ísl	TIL	FRÁ	Dæmi um endurheimtur íslenskra merkja erlendis	Dæmi um tegundir með erlend merki á Íslandi
Ísrael	1		skúmur	
Ítalía	8		urtönd, grafönd, skúfönd, skúmur	
Sviss	1		sanderla	
Þýskaland	51	7	súla, álf, duggönd, rauðbrystingur, stelkur, skúmur	fýll, rauðbrystingur, sandlóa, stelkur
Danmörk	64	7	álf, heiðagæs, rauðhöfði, stelkur, skúmur	álf, heiðagæs, hettusöngvari, snjótittlingur, stelkur, svartþröstur
Holland	216	69	álf, duggönd, rauðbrystingur, skúmur, stelkur	heiðlóa, rauðbrystingur, snjótittlingur, stelkur, tildra
Belgía	19	14	súla, sendlingur, stelkur, tildra	heiðlóa, hettusöngvari, bókfinka, sandlóa, skógarþröstur, smyrill, þúfutittlingur
Frakkland	401	41	súla, rauðhöfði, urtönd, tjaldur, sandlóa, heiðlóa, skógarþröstur	hettusöngvari, jaðrakan, lóupræll, rauðbrystingur, rita, skúfönd, spói
Spánn	338	22	súla, heiðlóa, lóupræll, skúmur, sílamáfur, skógarþröstur	grafönd, grágæs, jaðrakan, lóupræll, rauðhöfði, sanderla, sandlóa, sílamáfur
Portúgal	381	21	súla, heiðlóa, lóupræll, sílamáfur, skógarþröstur	lóupræll, sanderla, sandlóa, sílamáfur, skúfönd, stormsvala
Azores	9		heiðagæs, urtönd, hrafnsönd, smyrill, tildra	
Madeira	2		sílamáfur	
Canary Islands	19		heiðagæs, urtönd, spói, tildra, sílamáfur	
Tunisia	2		rauðhöfðaönd, grafönd	
Algeria	5		stormsvala, súla, skúmur, maríuerla	
Morocco	78		sandlóa, tildra, skúmur, sílamáfur, maríuerla	
Western Sahara	2		súla, sandlóa	
Mauritania	18	7	súla, spói, tildra, sílamáfur, maríuerla	lóupræll, sanderla, sandlóa, spói, tildra
Senegal	12	4	súla, lóupræll, spói, sílamáfur, maríuerla	maríuerla, sanderla, spói
Gambia	6		sandlóa, sanderla, sílamáfur	
Guinea_Bissau	9		spói	
Sierra Leone	2		spói, kría	
Liberia	1		kría	
Ivory Coast	1		kría	
Ghana	11	1	sanderla, kría	sanderla
Togo	1		spói	
Benin	1		spói	
Nigeria	4		kría	
Cameroon	1		kría	
Equatorial Guinea	1		kría	
Angola	2		kría	
Namibia	2		sanderla, kría	
S-Africa	5		kría	
Samtals	8114	4705		